



Samfélagsfræði 9.bekkur 2024-2025

Nemendur þurfa að þekkja hugtök eins og kommúnismi, frjálshyggja og fasismi. Í kennslustundum er lagður grunnur að þeirri vinnu meðal annars með því að fjalla um þjóðernishyggju sem hugmyndfræði. Í kennslustundum er lögð áhersla á að tengja efnið við daglegt líf nemandans og draga fram hliðstæður til samfélagsins í dag, fyrst og fremst með aðstoð verkefna en einnig mynda.

Kennsluaðferðir

Töflukennsla, innlögn og lestur í upphafi kennslustundar, mynd-og hljóðdiskar, einstaklingsvinna, vettvangsferðir, para-og hópavinna . Unnið er í stöðvum við úrvinnslu á einstökum verkefnum.

Námsefni og gögn

Lýðræði og tækni og Styrjaldir og kreppa eftir Synnove Veinan Hellerud og Ketil Knudsen. Ýmis kennslumyndbönd af netinu. Kvikmyndir sem tengjast efni bókarinnar.

Námsmat

Námsmat endurspeglar stöðu nemenda í fjórum færniþáttum í samfélagsfræði gagnvart markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla. Gefnar eru einkunnir í bókstöfunum A,B+,B, C+,C og D Þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum C.

Metnir eru eftirfarandi færniþættir nemanda:

- Þekking
- Gagnrýnin sýn á tímabil, atburði og persónur
- Skilningur á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf
- Færni til að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri einn sér og í samstarfi við aðra.

Kennari: Sigrún Maríu Karlsdóttir og Þuríður Aðalsteinsdóttir